



Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 1. febrúar 2017 varðandi eftirfarandi mál.

Aðalskipulag Reykjavíkur, 2010-2030, Nauthólsvegur-Flugvallarvegur

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. í janúar 2017, að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 vegna Nauthólsvegar-Flugvallarvegar. Í tillögunni felst breytt landnotkun, fjölgun íbúða og stækkun á reit nr. 15, Öskjuhlíð-HR. Einnig er lagt fram bréf Hvalfjarðarsveitar, dags. 11. ágúst 2016, vegna bóknar sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar frá 9. ágúst 2016 og bréf Mosfellsbæjar, dags. 16. ágúst 2016. Tillagan var auglýst frá 23. nóvember til og með 6. janúar 2016. nóvember 2016. Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir: Flugbjörgunarsveitin Reykjavík ásamt eldri gögnum, dags. 5. janúar 2017 og Landssamtök hjólreiðamanna, dags. 6. janúar 2017. Lagt fram að nýju ásamt umsögn deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur, dags. 27. janúar 2017.

*Samþykkt skv. 1.mgr. 32. gr. sbr. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs*

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Anna Þorvaldsdóttir bóka:

"Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Halldór Halldórsson og Herdís Þorvaldsdóttir minna á fyrirvara þeirra vegna undirganga sem settur var fram þegar svæðið var sent í auglýsingu. Ótrúlegt er að loka undirgöngum þegar kallað er eftir bættu öryggi gangandi og hjólandi víða um borgina."

Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina Sveinbjörg B. Sveinbjörnsdóttir bókar:

"Framsókn og flugvallarvinir gerðu bókun í borgarráði 29.09.2016 í tengslum við auglýsingu tillögunnar. Á grundvelli þeirra bóknar þá teljum við enn óvarlegt að taka undirgöng af skipulagi og að þeim sé lokað þegar ekki liggur fyrir með fullnægjandi hætti hvernig umferðaröryggi, sérstaklega barna á svæðinu og íþróttaiðkenda hjá íþróttafélaginu Val verði háttað. Vekur það athygli að engar athugasemdir hafa borist frá foreldrum, foreldrafélögum, skólum eða hverfisráði í tengslum við auglýsinguna, hvorki er viðkemur undirgöngunum né hljóðvist. Þrátt fyrir að við styðjum við húsnæðisuppbyggingu á svæði Háskólans í Reykjavík þá teljum við óásættanlegt að ungvíði framtíðarinnar, framtíðar íbúar, á þessu svæði njóti ekki vafans þegar kemur að umferðaröryggi þeirra og uppvaxtaskilyrðum."

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs



Erna Hrönn Geirsdóttir

Fylgiskjöl: tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 1. janúar 2017, bréf Hvalfjarðarsveitar, dags. 11. ágúst 2016, bréf Mosfellsbæjar, dags. 16. ágúst 2016, innsendar athugasemdir og umsögn deildarstjóra aðalskipulags Reykjavíkur, dags. 27. janúar 2017.

AÐALSKIPULAG REYKJAVÍKUR 2010-2030

Nauthólsvegur-Flugvallarvegur

Breytt landnotkun

Fjölgun íbúða

Stækkun á reit nr. 15, Öskjuhlíð-HR

Breytt lega stíga og niðurfelling undirganga

Breyting á aðalskipulagi

Sbr. 1. mgr., 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, málsmeðferð samkvæmt 30.-32. gr.
Auglýsing tillögu samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010



Reykjavíkurborg
Umhverfis og skipulagsvið

Breyting nr.8
Janúar 2017

Samþykktar og staðfestingarferli

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann _____ 20__.

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 3. mgr. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þann _____ 20__.


Efnisyfirlit

1	Forsendur breytingar.....	4
1.1	Gildandi skipulag	4
1.2	Markmið breytingar.....	4
2	Breytingartillögur.....	5
3	Umhverfisáhrif og samræmi við markmið og aðrar áætlanir.....	12
4	Afgreiðslu og kynningarferli	13
5	Viðauki: Afgreiðsla athugasemda.....	14

1 Forsendur breytingar

1.1 Gildandi skipulag

Fyrirhuguð breyting tekur til svæðis við mót Nauthólsvegjar-Flugvallarvegjar (suðvestan gatnamóta, sjá mynd 1), sem nú er skilgreint sem opið svæði (OP). Umrætt svæði var hluti miðsvæðis í AR2001-2024, en vegna mistaka féll það útaf þéttbýlisupprætti og landnotkunarkorti í B-hluta aðalskipulagsins. Engar tillögur voru lagðar fram eða ræddar um að breyta landnotkun á umræddu svæði í útivistarsvæði í vinnsluferli Aðalskipulagsins 2010-2030, sbr, einnig afmörkun borgargarðs (OP2) í Öskjuhlíð þar sem umrætt svæði er utan borgargarðsins (sjá mynd 2).¹ Ástæða þessara mistaka er sú að hluti eldra miðsvæðis við Öskjuhlíð, sbr. AR2001-2024, var breytt í íbúðarbyggð, sbr. deiliskipulag fyrir HR (sjá afmörkun svæðis á mynd 13, bls. 32-33).² Við það féll nyrsti hluti miðsvæðisins út og var merktur fyrir mistök sem opið svæði. Önnur svæði sem ná að umræddum gatnamótum eru skilgreind sem miðsvæði samkvæmt þéttbýlisupprætti.




Mynd 1. Hluti þéttbýlisuppráttar (1:20.000) og korts á mynd 13. Svæði sem breyting tekur til er innan hringsins. Gert er ráð fyrir að horfa á svæðið sem hluta af reit nr. 15, Öskjuhlíð-HR

1.2 Markmið breytingar

Markmið breytingar er að skilgreina svæðið á ný sem byggingarsvæði, enda er afmörkun þess utan skilgreinds útivistarsvæðis í Öskjuhlíð (OP2). Á umræddu svæði er til skoðunar að byggja íbúðir, samfélagsþjónustu og verslun og þjónustu. Landið er í eigu Reykjavíkurborgar og er megin tilgangurinn að byggja íbúðir á svæðinu í samræmi við markmið húsnæðisstefnu um íbúðir á viðráðanlegu verði. Jafnframt er markmiðið að skapa rými fyrir samfélagsþjónustu, verslun og þjónustu á reitnum sem getur þjónað vaxandi byggð á svæðinu. Með uppbyggingu á þessu götuhorni verður jafnframt stuðlað að heilsteyptri byggð, samanber markmið um uppbyggingu í Vatnsmýrinni. Til að ná því markmiði eru lagðar til breytingar á legu stíga og að núverandi undirgöng undir Flugvallarveg verða felld út. Til að mæta þeirri breytingu þarf að tryggja aukinn forgang gangandi og hjólandi á yfirborði við gatnamót Flugvallarvegjar og Nauthólsvegjar og tryggja öryggi þeirrar umferðar. Horft verður á uppbyggingu svæðisins í samhengi við þróun byggðar á svæði HR, suður af umræddu svæði. Gengið er útrá því að nýtingarhlutfall og yfirbragði byggðar verði sambærilegt og á lóðum innan HR-svæðis, Deiliskipulag fyrir reitinn er unnið sem viðbót við deiliskipulag HR-svæðis.

¹ Sjá einnig skýringarmynd fyrir heildarskipulag Vatnsmýrar sem ekki gerir ráð fyrir opnu grænu svæði á reitnum, bls. 233 í B-hluta.

² Stuðst er við og vísað í skipulagsgögn úr undirritaðri staðfestri útgáfu aðalskipulagsins (sjá aðalskipulag.is), í umfjöllun og lýsingu breytinga. Í sumum tilvikum er einnig vísað til blaðsíðutals í prentaðri útgáfu aðalskipulagsins.



Mynd 2. Afmörkun borgargarðs í Öskjuhlíð (OP2), sbr kort á bls. 97 (*Græna borgin*, adalskipulag.is). Breytingin tekur til svæðis sem er utan borgargarðsins í Öskjuhlíð.

Aðalskipulagsbreytingin er ekki háð lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Hins vegar er gerð almenn grein fyrir umhverfisáhrifum, skv. 12. gr. skipulagslaganna (sjá kafla 3). Gerð er ítarlegri grein fyrir umhverfisáhrifum í deiliskipulagi fyrir svæðið.

2 Breytingartillögur

Breytingar taka til eftirfarandi þátta:

1. Þéttbýlisupprætti (1:20.000) verður breytt þannig að opið svæði (OP) verður breytt í miðsvæði (M23) með áherslu á íbúðir og þjónustu. Legu stofnstígs er hliðrað og undirgöng felld út.
2. Þéttingarreitur nr. 15, sbr. mynd 13, bls. 32-33 kaflanum *Borgin við Sundin* (sjá adalskipulag.is) verður stækkaður til norðurs þannig að hann nái að Flugvallarvegi. Heimild um fjölda íbúða á reitnum verður hækkuð úr 300 íbúðum í 400.
3. Viðkomandi þéttingarreitur verður einnig stækkaður á mynd 10, bls. 174, í kaflanum *Borg fyrir fólk*, þannig að sama stefna um hæðir húsa gildir á reitnum og fyrir svæði íbúða við HR.

1. Breyting á þéttbýlisupprætti (1:20.000).

Lagt er til að svæði suður af mótum Flugvallarvegur og Nauthólsvegur verði skilgreint sem miðsvæði, með áherslu á íbúðir, verslun og þjónustu og samfélagsþjónustu. Í eldra aðalskipulagi var umrætt svæði skilgreint sem miðsvæði, en sú skilgreining féll út fyrir mistök við gerð AR2010-2030 og var svæðið skilgreint sem opið svæði (OP) án sérmerkingar.

Eftirfarandi breyting verður gerð á þéttbýlisupprætti:

1. Um 1 ha svæði suður af mótum Flugvallarvegur og Nauthólsvegur, sem á gildandi upprætti var sýnt sem opið svæði (OP), er skilgreint sem miðsvæði (M23), með sérstakri áherslu á íbúðir (ÍB) og samfélagsþjónustu (S)
2. Legu stofnstígs á svæðinu verður hliðrað lítilliga og göng undir Flugvallarveg felld út.



Mynd 3. Afmörkun svæðis sem breytingar taka til, annars vegar breytt landnotkun og hinsvegar breytingar á legu stíga og niðurfelling undirganga við Flugvallarveg

Þéttbýlisuppráttur 1: 20.000. Fyrir breytingu:



Þéttbýlisuppráttur 1: 20.000. Eftir breytingu:



2. Skilgreining miðsvæðis (M23)

Skilgreint er nýtt miðsvæði, M23. Nauthólsvegur. Eftirfarandi skilgreiningu verður bætt við á bls. 53 í kaflanum *Skapandi borg* og bls. 209, í kaflanum *Landnotkun*:


M23. Nauthólsvegur. Íbúðir, samfélagsþjónusta og verslun- og þjónusta.

3. Breyting á mynd 13, í kaflanum *Borgin við Sundin*, varðandi afmörkun reits nr. 15 og heimildir um fjöldi íbúða á reitnum

Skilgreining fyrir reit nr. 15 breytist með eftirfarandi hætti, sjá mynd 13, bls. 32-33 í kaflanum *Borgin við Sundin* í staðfestri útgáfu aðalskipulagsins á adalskipulag.is :

Heimild um fjölda íbúða verður **400** í stað 300 áður. Jafnframt stækkar reiturinn sem nemur um 1 ha til norðurs. Stærð reitsins verður um 4,4 ha eftir stækkun og þéttleiki um 90 íbúðir á ha. Hluti íbúðanna á reit 15 eru námsmannaíbúðir og aðrar íbúðir er þjóna stafsemi HR, samkvæmt ákvörðun í deiliskipulagi.³

Aðeins hluti þemakorts og töflu á mynd 13 eru sýnd hér að neðan. Neðanmálsgreinar með töflunni eru óbreyttar, sjá hér að neðan. Annarsvegar breyting á afmörkun reits á þemakorti myndar 13 og hinsvegar breytingar á upplýsingum í töflu (sjá næstu síðu).



³ Fjöldi íbúða er merktur með s, samanber tafla á mynd 13.

Íbúðarsvæði og blönduð byggð 2010-2030.*

Helstu byggingarsvæði vestan Elliðaána

Nr.	Heiti	Fjöldi íbúða	Stærð ha	Þéttleiki (íbúðir/ha)	Hæðir húsa**	Tímabil***
1	Keilugrandi	65	0,67	100	4-6	2012-2016
2	Lýsisreitur	150	0,80	200	3-9	2012-2016
3	Byko-reitur	70	0,44	150	5-7	2012-2016
4	Landhelgisreitur	50	0,25	200	3-5	2012-2016
5	Héðinsreitur	275	0,97	285	5-7	2012-2016
6	Slippasvæði-Nýlendu-reitur	330	5,00	100	1-5	2012-2016
7	Miðbakki-Harpa	150	7,30	100	1-5	2016-2024
8	Kvosin	100			3-5	2012-2030
9	Laugavegur+	250	5,00		2-5	2012-2030
10	Skuggahverfi	100	0,60	175	6-16	2012-2016
11	Barónsreitur-Skúlagata	80-200	1,20	170	4-6/6-16	2012-2020
12	Vísindagarðar	300s	7,00	(200)	3-5	2012-2016
13	Hlíðarendi	500s	11,00	60	3-5	2012-2020
14	Fluggarðar	300s	5,00	60	3-5	2012-2020
15	Öskjuhlíð-HR	400s	4,4	90	3-4	2012-2020
16	Skerjafjörður	800	23,00	60	3-5	2012-2020
17	Vatnsmýri – norður/suður I	950	12,00	60	3-5	2022-2030
18	Vatnsmýri – norður/suður II	700	27,00	60	3-5	2022-2030
19	Vatnsmýri – austur/vestur	3.300	58,00	60	3-5	2024+
20	Sætún-Lögreglustöðvarreitur	100	5,70	100	4-6	2012-2016
21	Höfðatorg	250	2,60	175	7-16	2012-2016
22	Hampiðjureitur	150	0,65	230	2-7	2012-2016
23	Ásholtsreitur	100s	0,30	(300)	3-5	2012-2016
24	Einholt-Þverholt	250	1,00	250	4-6	2012-2016
25	Laugavegur-Skipholt	100	11,70		3-5	2012-2030
26	Bílanautsreitur	200	1,10	200	5-10	2012-2016
27	Kirkjusandur-SVR-lóð	300	6,00	150	2-5/5-8	2016-2020
28	Blómavalsreitur	100	1,00	100	3-5	2016-2020
29	Köllunarklettur	200	10,00	100	3-5	2016-2020
30	Suðurlandsbraut-Laugardalur	450	4,20	4,20	3-8	2016-2030
31	Kringlan	150	12,50	100	6-12	2020-2024
32	Sléttuvegur	250	4,50	50	2-4	2012-2016
33	Skeifan	500	18,50	60	4-6	2016-2030
34	SS-reitur	150	2,60	100	3-5	2016-2020
35	KHÍ-reitur	50s	1,20	75	6-8	2012-2020
36	Borgarspítalareitur	150	3,30	25	2-3	2012-2030
37	Vogabyggð	400	13,50	60	3-5	2012-2016
57	RÚV-reitur	350	4,5	100	3-5	2016-2020

* Byggingarreitir með fleiri en 50 íbúðum (m.v. almennar íbúðir 120 m² að meðalstærð). Um er að ræða fjölgun íbúða á viðkomandi svæði. Þétting allt að 49 íbúðum er möguleg á öðrum reitum en hér eru tilgreindir, án þess að breyting sé gerð á aðalskipuláginu.

** Möguleg frávik frá viðmiðum í deiliskipulagi -1/+2 hæðir (einkum inndregið), verði rökstudd sérstaklega. Frávik í miðborginni innan gömlu Hringbrautar, sbr. mynd 9 í Borg fyrir fólk, eru -1/+1 og þá aðeins ef um inndregna hæð er að ræða. Við mat á hæð nýbygginga skal almennt miða við að jarðhæð sé um 4 m en meðalhæð annarra hæða um 3 m. Sjá nánar stefnu um hæðir húsa.


***Tímasetning á undirbúningi uppbyggingar. Til viðmiðunar. Sjá meginmarkmið um forgangsroðun svæða á mynd 14.

s Smáíbúðir, nemendaiíbúðir eða íbúðir fyrir eldri borgara, að hluta eða öllu leyti.

Vikmörk á fjölda íbúða geta verið -10%/+20%. Vikmörk -10%/+20% miðast við einstök svæði. Vikmörk fyrir einstök svæði eru ekki sjálfgefin og þau hafa samþykki umhverfis- og skipulagsráðs á hverjum tíma. Miða skal við að vikmörk verði ekki meiri en 10% þegar á heildina er litið. Vöktun og eftirlit með þróun uppbyggingar verði tryggt með árlegum aðgerðaráætlunum og uppbyggingaráætlunum, þar sem m.a. verði hugað að þróun uppbyggingar á einstökum byggðasvæðum, sbr. ákvæði svæðisskipulags.

4. Breyting á mynd 10, í kaflanum *Borg fyrir fólk* (bls. 174) varðandi afmörkun reits nr. 15 og stefnu um hæðir húsa

Viðkomandi þéttingarreitur verður stækkaður þannig að sama stefna um hæðir húsa, 3-4 hæðir, gildir á reitnum og fyrir svæði íbúða við HR. Aðeins hluti myndar 10 er sýnd hér að neðan og með þeirri breytingu sem er ráðgerð.



3 Umhverfisáhrif og samræmi við markmið og aðrar áætlanir

Tillagan felur ekki í sér verulegar breytingar á byggingarmagni og nær til svæðis sem ekki hefur sérstakt verndar- eða útivistargildi.

Áhrif á umhverfi og náttúru.

Breytt landnotkun sem tillagan felur í sér varðar svæði sem í dag er opið grænt svæði á sléttlendinu vestan Öskjuhlíðar, næst nærliggjandi umferðargötum. Svæðið hefur ekki þjónað sérstökum tilgangi sem útivistarsvæði og hefur ekki verndargildi. Um jaðar svæðisins liggja göngu- og hjólastígar sem verður hliðrað. Færsla stígsins mun ekki hafa veruleg áhrif á náttúru og útivist í Öskjuhlíðinni og mun liggja áfram í jaðri hennar. Svæðið er utan hins skilgreinda borgargarðs í Öskjuhlíð (OP2).

Áhrif uppbyggingar á umferð frá svæðinu, hljóðvist og loftgæði

Breytingartillagan felur í sér óverulega aukningu á byggingarmagni. Heimild um fjölda íbúða er hækkuð úr 300 íbúðum í 400 íbúðir, eftir stækkun reits nr. 15. Einnig má gera ráð fyrir um 3.000 fermetra aukningu húsnæðis fyrir samfélagsþjónustu, auk lítilsháttar verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Ef reiknað er með að meðaltali um 2,0 íbúum á íbúð, þá má reikna með að aukning umferðar vegna aukins byggingarmagns verði um 490 bílferðir á sólarhring.⁴ Nánari er fjallað um áhrif uppbyggingar á reit 15 á umferð, staðbundin áhrif og flæði á einstökum götum og hljóðvist í deiliskipulagi. Niðurfelling undirgang undir Flugvallarveg, til að ná markmiðum um samspil gatna og húsbýgginga á viðkomandi gatnamótum, hefur áhrif á flæði gangand og hjólandi á svæðinu. Tryggja þarf aukinn forgang gangandi og hjólandi á gatnamótunum á yfirborðinu og öryggi þeirra umferðar.

Áhrif fjölgunar íbúða á þjónustustofnanir í hverfinu.

Breytingartillagan gerir ráð fyrir svæði fyrir samfélagsþjónustu sem þjóna mun vaxandi íbúðarbyggð á svæðinu og í nágrenninu. Rýna þarf áhrif fjölgunar íbúða almennt á reit nr. 15, á leik- og grunnskóla og hafa drög að tillögu verið send til skóla- og frístundasviðs.

Samræmi við megin markmið aðalskipulagsins.

Uppbygging á umræddu svæði samræmist vel megin markmiðum aðalskipulagsins, s.s. um þétta og blandaða byggð, styttingu vegalengd og breyttar ferðavenjur, hagkvæma landnýtingu og endurnýtingu vannýttra svæða og sjálfbæra þróun borgarinnar. Breytingartillaga um fjölgun íbúðum á reit nr. 15 samræmist ennfremur vel markmiðum húsnæðisstefnu um uppbyggingu á miðlægum svæðum og að mæta eftirspurn eftir íbúðum miðað við núverandi ástand á húsnæðismarkaði. Reykjavíkurborg á það land sem bætist við reit nr. 15 og eru áform um að úthluta byggingarrétti á því svæði til húsnæðisfélaga sem sinna leigumarkaði og gegna samfélagslegu hlutverki á húsnæðismarkaði.

Áformuð tímasetning uppbyggingar er í samræmi við megin markið um forgangsröðun, þ.e. að setja þéttingu byggðar á miðlægum svæðum í forgang. Breytingartillagan felur í sér óverulega aukningu á fjölda íbúða. Ekki er því ástæða til að endurskilgreina fjölda íbúða á öðrum reitum eða tímasetningu uppbyggingar þeirra, að svo stöddu. Það liggur fyrir að uppbygging hefur hafist síðar en ráð var fyrir gert á allnokkrum byggingarsvæðum, m.a. á reitum í Vatnsmýri. Miðað við fyrirbyggjandi tillögu að deiliskipulagi samræmist uppbygging vel markmiðum aðalskipulagsins um hæðir húsa, gæði byggðar og samspil byggingarreita og gatna og opinna rýma.

Samræmi við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

Uppbygging á svæðinu samræmist vel megin markmiðum svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins, s.s. varðandi þéttingu og blöndun byggðar og sjálfbæra þróun. Svæðið verður hluti reits nr. 15 sem er flokkaður sem samgöngumiðað þróunarsvæði í núgildandi *Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2015-2020*. Fjölgun íbúða á reitnum, sem tillagan gerir ráð fyrir, hefur ekki áhrif á núverandi

⁴ Hér miðað við ferðamyndunarjöfnu VSO-ráðgjafar, stuðull fyrir íbúa 1, 85, 0,14 fyrir fermetra verslunar- og skrifstofuhúsnæðis og 0,04 fyrir fermetra sérhæfðs húsnæðis.

þróunaráætlun, í ljósi þess að uppbyggingu hefur seinkað á fjölmörgum öðrum samgöngumiðaðum svæðum. Samkvæmt fyrirliggjandi þróunaráætlun svæðisskipulags er gert ráð fyrir 200 íbúðum á reit 15 til ársins 2020 og alls 300 íbúðum til ársins 2022.

Við móttun breytingartillögu var horft til þeirra viðmiða og markmiða um byggðapróun sem sett eru fram í svæðisskipulaginu. Í töflu 1, bls. 34, í svæðisskipulaginu segir: „Leitast verði við að ná því að minnst 66% íbúða á höfuðborgarsvæðin verði í kjörnum og samgöngumiðaðum svæðum. Sveitarfélög geta vikið frá viðmiðum fyrir einstaka flokka t.d. með því að fjölga íbúðum í miðkjörnum og/eða á samgöngumiðaðum þróunarsvæðum á kostnað annarra svæða.“ Fjölgun íbúða á svæðinu samræmist því vel því markmiði svæðisskipulagsins að auka hlut uppbyggingar í kjörnum og samgöngumiðaðum svæðum. Breytingin er lítil í svæðisskipulagslegu samhengi. Áætluð fjölgun á reitnum um 100 íbúðir nemur um 0,12% af af heildaríbúðafjölda á höfuðborgarsvæðinu í dag. Skipulag á umræddu svæði og reit nr. 15 mun enn fremur uppfylla í öllum meginatriðum þær kröfur og þau viðmið sem sett eru fram um samgöngumiðað svæði í töflu 2, bls. 36 í svæðisskipulaginu.

Rétt er að undirstrika að framfylgd AR2010-2030 og samræmi þess við markmið svæðisskipulags, er enn frekar tryggt með reglubundinni vöktun og eftirliti, þ.e. „með árlegum aðgerðaáætlunum og uppbyggingaráætlunum“.⁵

4 Afgreiðslu og kynningarferli

Verklýsing vegna aðalskipulagsbreytingar var samþykkt í borgarráði þann 27. ágúst 2015. Verklýsingin var auglýst í fjölmiðlum og send til eftirfarandi umsagnaraðila: Skipulagsstofnunar, hverfisráðs Hlíða og skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Drög að aðalskipulagsbreytingu voru kynnt í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga í júlí 2016. Drögin voru meðal annars send nágrannasveitarfélögum, aðliggjandi sveitarfélögum og svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins, en nefndin er formlegur umsagnaraðili um tillöguna.⁶ Drögin voru gerð aðgengileg á vef borgarinnar, auglýst í fjölmiðlum og boðið var uppá opið hús með kynningu á tillögunni þann 30. ágúst sl. Í kynningarferli á drögum að tillögunni hafa ekki borist athugasemdir við efnistatriði tillögunnar, en umsagnir liggja fyrir frá Mosfellsbæ 16. ágúst og Hvalfjarðarsveit frá 11. ágúst og drögin voru til umfjöllunar hjá svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins þann 19. ágúst þar sem ekki voru gerðar athugasemdir við tillöguna.

Samþykkt var að auglýsa tillöguna samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. í borgarráði 29. september sl. Tillagan var kynnt í samræmi við 30-31. gr skipulagslaga, sbr. gr. 36 um breytingar á aðalskipulagi. Aðalskipulagstillagan var kynnt samhliða tillögu að breytingu á deiliskipulagi HR-svæðis í Öskjuhlíð. Tillögurnar voru kynntar á tímabilinu 23. nóvember 2016 til 6. janúar 2017. september 2016. Frestur til að gera athugasemdir var til 6. janúar sl.

Tvær athugasemdir bárust við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum. Athugasemdir leiðir ekki til breytinga á tillögunni (sjá Viðauka. Afgreiðsla athugasemda).

⁵ Árleg skýrsla um framfylgd aðalskipulagsins.

⁶ Samanber ákvæði *Höfuðborgarsvæðisins 2040*, um að umsögn svæðisskipulagsnefndar um samræmi aðalskipulagsbreytinga við svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins liggja fyrir áður en tillögur eru staðfestar.

5 Viðauki: Afgreiðsla athugasemda



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Reykjavík, 27. janúar 2017

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nauthólsvegur-Flugvallarvegur. Breytt landnotkun Fjölgun íbúða á byggingarreit nr. 15. Breytt lega stíga og niðurfelling undirganga. Umsögn um athugasemdir.

Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu og umsögn um athugasemdir til afgreiðslu í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga

Aðalskipulagstillagan:

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 29. september 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Breytingartillagan nær til svæðis sem er suður af gatnamótum Flugvallarvegur og Nauthólsvegur. Í tillögunni felst að landnotkun er breytt á rúmlega 1 ha svæði, þar sem opnu svæði er breytt í miðsvæði. Á svæðinu verður einkum gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, húsnæði fyrir samfélagsþjónustu og verslun og þjónustu. Svæðið verður hluti byggingarreits nr. 15 Öskuhlíð-HR og er lagt til að heimild um fjölda íbúða á reitnum hækki úr 300 í 400. Tillagan gerir einnig ráð fyrir lítillaga breyttri legu stíga á svæðinu og möguleika þess að fella út undirgöng við Flugvallarveg.

Aðalskipulagstillagan var auglýst samhliða tillögu að breyttu deiliskipulagi svæðisins, á tímabilinu frá 23. nóvember 2016 til og með 6. janúar 2017.

Tvær athugasemdir bárust við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum. Auk þess lágu fyrir umsagnir sem bárust fyrr í vinnsluferli tillögunnar.

Athugasemdir-svör:

Flugbjörgunarsveitin, Jóhannes Ingi Kolbeinsson, dagsett 5. janúar 2017:

Því er mótmælt að skipulagsbreytingar taka yfir svæði sem FBSR hefur haft til afnota undir bílastæði og hefti þannig starfsemi FBSR við Flugvallarveg til framtíðar. Óskað er eftir viðræðum við umhverfis- og skipulagsvið um skipulags- og byggingarmál FBSR til framtíðar.

Svar:Umrætt svæði, sem hefur verið nýtt sem bílastæði og skipulagsbreytingar ná til, er utan lóðar FBSR. Ekki er hægt að verða við athugasemd. Taka þarf upp viðræður milli Reykjavíkurborgar og FBSR, um skipulags- og byggingarmál FBSR við Flugvallarveg til framtíðar.

Landssamtök hjólreiðamanna, dagsett 6. janúar 2017.:

Samtökin gera ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar og lokun undirganga á svæðinu, en leggja áherslu á að tryggður verði aukinn forgangur gangandi og hjólandi á yfirborði við gatnamót Flugvallarvegur og Nauthólsvegur og öryggi þeirrar umferðar verði tryggt, sbr. texti í greinargerð aðalskipulagsbreytingar. Vísað er til óformlegrar könnunar samtakanna þar sem 85% þátttakanda geta fallist á að undirgöngum verði lokað, ef fylgt er ofangreindum markmiðum. Einnig er gerð athugasemd við útfærslu stígatenginga á svæðinu.

Svar: Tekið er undir ábendingu. Athugasemd um stígakerfi er vísað til afgreiðslu deiliskipulagsbreytingar

Afgreiðsla breytingar:

Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga á aðalskipulagstillögunni.

Haraldur Sigurðsson



Reykjavíkurborg

Ráðhúsi Reykjavíkur
101 Reykjavík

Hvalfjarðarsveit
Innrimel 3
301 Akranes

Sími : 433 8500

Fax : 433 8501

Kt. 630606-1950

11.08.2016

1608002 LMA

Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting - Nauthólsvegur - Flugvallarvegur.doc

Á 222. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 9. ágúst 2016 var gerð eftirfarandi bókun:

Erindi frá Reykjavíkurborg, dags. 6. júlí 2016. Ósk um umsögn v/ tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030.

“Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu: Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar gerir ekki athugasemd við breytingu skipulagins sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.”


Virðingarfyllt

Skipulagsfulltrúi
Hvalfjarðarsveitar

Lulu Munk Andersen ,
Skipulags- og umhverfisfulltrúi Hvalfjarðarsveitar
skipulag@hvalfjardarsveit.is

Reykjavíkurborg

Ráðhúsinu
101 Reykjavík

 Reykjavíkurborg Umhverfis- og skipulagssvið		
Skjalnúmer. 12577	Afritið	Abm.
Móttekið	22. ÁGÚ. 2016	<i>Ann</i> sign
Skrifst. sviðstj. <input type="checkbox"/>	Nefnd / Afgr. fund. <input type="checkbox"/>	Afgreitt
Byggingarfulltr. <input type="checkbox"/>		
Skipulagsfulltr. <input type="checkbox"/>		
Athugasemdir	Mosfellsbæ, 16.08.2016 erindi nr. 201607036/19.2 ÓM	

Efni: Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Nauthóls- og Flugvallarvegur

Á 417. fundi skipulagsnefndar Mosfellsbæjar 16. ágúst 2016, var neðangreint erindi tekið fyrir og svohljóðandi bókun gerð:


Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 - Nauthóls- og Flugvallarvegur

Lagt fram og kynnt. Ekki er gerð athugasemd við erindið.

Afgreiðsla skipulagsnefndar er gerð með fyrirvara um staðfestingu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar og verður yður gert viðvart ef afgreiðsla erindisins verður á annan veg í bæjarstjórn en hér er tilkynnt.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,
f.h. skipulagsnefndar Mosfellsbæjar


Ólafur Melsted
Skipulagsfulltrúi

Athygli er vakin á því að telji einhver rétti sínum hallað með ofangreindri samþykkt er honum heimilt að skjóta máli sínu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, Skúlagötu 21, 101 Reykjavík, sbr. 52.gr. laga nr. 123/2010 og lög nr. 130/2011.

Þeir einir geta skotið máli til úrskurðarnefndarinnar sem eiga lögvarða hagsmuni tengda hinni kærðu ákvörðun. Frestur til að skjóta máli til nefndarinnar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðun þá sem kæra á. Sé um að ræða ákvörðun sem sætir opinberri birtingu, telst kærufrestur frá birtingu ákvörðunar.





Reykjavík 06. janúar 2017

Nauthólsvegur-Flugvallarvegur Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.

Umsagnarnefnd Landssamtaka hjólreiðamanna (LHM) hefur skoðað tillögu um breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Nauthólsvegur-Flugvallarvegur, breytt landnotkun, fjölgun íbúða á byggingarreit nr. 1 og breytt lega stíga og niðurfelling undirganga. Samtökin vilja gera eftirfarandi umsögn um aðalskipulagið.

Skoðanir hjólreiðamanna á undirgöngunum.

LHM veit ekki til þess að fyrir liggja talingar á notkun ganganna undir Flugvallarveg en af samtölum hefur komið fram að notkun sé þó nokkur á annatíma þegar bílaumferð er mikil um Flugvallarveg.

Til að kanna hug hjólreiðamanna til þess að fella niður undirgöngin gerðu Landssamtök hjólreiðamanna net skoðanakönnun í hópnum Samgönguhjólreiðar á Facebook (<https://www.facebook.com/groups/355308403124/>) í um tvo sólarhringa á tímabilinu 3. jan. til 5. jan. 2017. Í hópnum eru samtals 2.811 meðlimir (5.1.2017), sem eins og nafnið ber með sér kenna sig við hjólreiðar til samgangna. Gera má ráð fyrir að í hópnum séu líka margir sem hjóla til æfinga og íþróttar eða fólk sem almennt hefur áhuga á hjólreiðum. Könnunina má sjá hér:

<https://www.facebook.com/groups/355308403124/permalink/10158227736918125/>

Spurt var: „Er í lagi að fella niður undirgöng undir Flugvallarveg?“ 40 sögðu skoðun sína fram til kl. 17:00 þann 5. jan. Svörin voru eftirfarandi á þessu tímabili.

1. „Já.“ Sammála voru 3 eða 8%.
2. „Nei.“ Sammála voru 4 eða 10%.
3. „Mér er sama en vil að það verði tryggt þægileg og örugg þverun á yfirborði.“ Sammála voru 31 eða 78%.
4. „Helst vil ég halda í þessi göng og hjóla undir húsið á lóðinni.“ Sammála voru 2 eða 5%.

Ekki er útilokað að einhverjir séu sammála fleiri en einu svari.

Þeir sem eru á móti því að undirgöngin fari og greiddu spurningu 2 eða 4 atkvæði sitt voru samtals um 6 eða 15%. Þeir sem geta fallist á að undirgöngin fari og greiddu spurningu 1 eða 3 atkvæði sitt eru samtals 34 eða um 85%. Meirihluti þeirra samþykkir þetta þó með þeim fyrirvara að tryggð verði þægileg og örugg þverun á yfirborði í staðinn.

Í ummælum við skoðanakönnun komu fram skoðanir sem lýsa hug þeirra sem tjáðu sig og er hægt að skoða þau hér:

<https://www.facebook.com/groups/355308403124/permalink/10158227704508125/>

Sjónarmið LHM

Landssamtök hjólreiðamanna gera ekki athugasemd við breytingu á aðalskipulagi en taka undir texta á bls. 4 sem er feitletraður hér að neðan: „Með uppbyggingu á þessu götuhorni verður jafnframt stuðlað að heilsteyptari byggð, samanber markmið um uppbyggingu í Vatnsmýrinni. Til að ná því markmiði eru lagðar til breytingar á legu stíga og að núverandi undirgöng undir Flugvallarveg verða felld út. **Til að mæta þeirri breytingu þarf að tryggja aukinn forgang gangandi og hjólandi á yfirborði við gatnamót Flugvallarvegur og Nauthólsvegur og tryggja öryggi þeirrar umferðar.**“

Nýr stígur er teiknaður austan við svæðið og endar hann á gangstétt við Flugvallarveg. Ekki er gerð grein fyrir hvernig sá stígur á að tengjast í framhaldinu í átt til miðborgarinnar og inn á svæðið við Hlíðarenda. **Að mati LHM þarf að gera grein fyrir hvernig tengingu hjólastígs verði háttáð áfram í norður og vestur í deiliskipulagi fyrir Flugvallarveg/Nauthólsveg. Samtökin óska jafnframt eftir því að fá að rýna hönnun stígsins þegar þar að kemur.** LHM gerir þá kröfu að vel verði gengið frá tengingu hjólastígs í norður inn á svæðið við Hlíðarenda og í vestur samsíða Nauthólsvegi í átt til miðborgarinnar. Huga þarf sérstaklega vel að þverun Flugvallarvegur og Nauthólsvegur. LHM telur að hjólreiðar eftir krókóttum stíg með gangandi umferð á gangbrautarljósum uppfylli ekki kröfur um greiða umferð um gatnamót fyrir hjólandi umferð. Að mati LHM þarf líka að endurhanna Flugvallarveg og Nauthólsveg sem borgargötur með hægari umferð.

Fulltrúar LHM hafa ekki séð heildarmynd af fyrirhugaðri legu stíga á Hlíðarendasvæðinu og meðfram Nauthólsvegi og Flugvallarvegi en **mjög mikilvægt er að mati LHM að vel sé hugað að legu og samfellu stíga framhjá HR til miðborgarinnar, Háskóla Íslands og Landspítalans.** Það væri mjög slæmt ef stígar eru ekki samfelldir eða með erfiðum hindrunum á leiðinni.

Jafnframt benda LHM á, að eins og sakir standa eru leiðir í gegnum Hlíðarendasvæðið og meðfram Nauthólsvegi að Hringbraut í uppnámi vegna framkvæmda og þungaumferðar og er nauðsynlegt að borgin tryggi greiða umferð hjólandi og gangandi um þessi svæði meðan á framkvæmdum stendur með kröfum til verktaka og með eftirliti af hálfu borgarinnar.

Virðingarfyllst
f.h. stjórnar LHM



Árni Davíðsson
formaður umsagnarnefndar LHM.



Reykjavíkurborg

Umhverfis – og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 R

bt. Ólafar Örvarsdóttur, sviðsstjóra

Reykjavík 5. janúar 2017

Málefni: Athugasemdir og ábendingar við fyrirhugaða aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagsbreytingu á reit nr 15- Öskjuhlíð-HR við Nauthólsveg og Flugvallarveg

Fyrir liggur tillaga að breyttu aðalskipulagi frá Reykjavíkurborg í auglýsingaferli þar sem að gert er áð fyrir um 400 nýjum íbúðum í næsta nágrenni við lóð FBSR á horni Flugvallarvegar og Nauthólsvegar.

Einnig liggur fyrir tillaga frá Kanon arkitektum að breytt deiliskipulag á reit HR í samræmi við fyrirhugaða breytingu á aðalskipulagi. Þar er gerð ýtarlegri grein fyrir fyrirhugaðri byggð m.a. íbúðum á horni Flugvallarvegar og Nauthólsvegar þar sem að í dag eru bílastæði sem að FBSR hefur notað lengi ásamt öðrum. FBSR hefur áður óskað eftir samræðum við Reykjavíkurborg um framtíðarskipulag á lóðinni við Flugvallarveg sjá t.d. tillögur um framtíðaráform sveitarinnar, sem kynnt voru Reykjavíkurborg áður með erindi 27.01.2015, sem fylgir sem viðhengi. Skýr svör um framtíðarskipulag FBSR til framtíðar hafa ekki borist og eru heldur ekki hluti á þeim breytingum sem að fyrirhugaðar eru nú með breyttu aðal – deiliskipulagi.


FBSR gerir því verulagaar athugasemdir við það hvernig fyrirhuguð bygging á horni Flugvallarvegar og Nauthólsvegar mun þrenja að starfsemi FBSR með tilliti til aðkomu og bílastæða og hefta starfsemi FBSR sem björgunarsveitar til framtíðar.

Einnig er bent á athugasemdir –og ábendingar FBSR frá 7. ágúst 2014 við deiliskipulagabreytingu sem gerð var að Hlíðarenda, sjá meðfylgjandi viðhengi.

Það er vilji FBSR að eiga gott og farsælt samstarf við Reykjavíkurborg um málefni FBSR og framtíðarskipulag á lóð FBSR. Mikilvægt er að hagsmunir FBSR, sem björgunarsveitar séu þar hafðir í huga og brýnt að horfa á starfsemi sveitarinnar til framtíðar í Öskjuhlíð.

Með bréfi þessu vill FBSR óska eftir fundi með þér, sem sviðsstjóra skipulags – og byggingarmála í Reykjavík, um skipulags – og byggingarmál FBSR til framtíðar sem fyrst.

Með virðingu og vinsemd f.h FBSR,



Jóhannes Ingi Kolbeinsson, formaður FBSR

Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík.

Flugvallarvegi, 101 Reykjavík

formadur@fbsr.is, farsími 861 2400

Sjá einnig meðfylgjandi viðhengi



Reykjavíkurborg
Umhverfis – og skipulagssvið Reykjavíkur
Borgartúni 12-14, 105 R
bt. Ólafar Örvarsdóttur, sviðsstjóra

Reykjavík 7.ágúst 2014

Málefni: Athugasemdir og ábendingar við fyrirhugað deiliskipulag að „Hlíðarenda“

Með þessu bréfi gerir Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík, hér eftir nefnd FBSR, athugasemdir og ábendingar við fyrirhugað deiliskipulag að „Hlíðarenda“. Stjórn FBSR hefur kynnt sér fyrirbyggjandi deiliskipulagsgögn frá Reykjavíkurborg, sem að Alark arkitektar ehf hafa unnið.

FBSR hefur veigamiklu hlutverki að gegna sem flugbjörgunarsveit og björgunarsveit almennt. Sérþekking og tækjakostur félagsins er mikilvægur í þessu sambandi við björgun og verndun mannlífa og eigna – sérstaklega innan Höfuðborgarsvæðisins.

Þótt að afmörkun og deiliskipulag „Hlíðarendaskipulagsins“ nái ekki til lóðar FBSR hefur fyrirhugað deiliskipulag áhrif á starfsemi FBSR til framtíðar í ljósi þess að innan „Hlíðarendasvæðisins“, mun rísa íbúðabygging, atvinnustarfsemi og aukið verður verulega við núverandi íþróttastarfsemi og þar með alla umferð á svæðinu. FBSR og hinir nýju notendur að Hlíðarendasvæðinu munu því nota sömu umferðaræðar í framtíðinni.

FBSR óskar eftir að eiga mjög vinsamleg samskipti við Reykjavíkurborg og alla viðeigandi aðila þó ekki verði annað séð en eðlilegt sé að senda inn þessar athugasemdir og fyrirspurn vegna hins nýja deiliskipulags.

Meginathugasemdir og ábendingar FBSR eru eftirfarandi:

1) Lega Flugvallavegar mun breytast og aðkoma að lóð FBSR mun einnig breytast. Í fyrirbyggjandi deiliskipulagsgögnum kemur ekki fram hvernig fyrirhugað er að leysa framtíðaraðkomu að FBSR en rétt er að benda á að nú þegar er búið að taka af félaginu aðra innkeyrsluna af tveimur sem voru á upphaflegu lóðarblaði.

Með fyrirhugaðri byggð á „Hlíðarenda“ mun umferðarpungi bíla aukast verulega á svæðinu og öll umferð, auk þess sem umferð að HR þurfa að fara um ljósastýrð gatnamót á mótum Flugvallarvegar, Nauthólsvegar og bráðabirgðatengingar að Hringbraut. Þá er ótalin öll ófyrirsjáanleg umferð að því svæði sem enn er óbyggt sunnan FBSR eða í kringum HR. Sjá má fyrir sér mikinn umferðarpunga á þessum gatnamótum og á svæðinu á annatímum og sérstaklega í tengslum við stóra íþróttaviðburði. Nánari skýringar vantar hvernig á að leysa þessi framtíðarumferðarvandamál sem óhjákvæmilega munu hafa mikil áhrif á aðkomu lóðar FBSR og er hér með óskað eftir slíkum skýringum.

FBSR leggur höfuðáherslu á að framtíðaraðkoma að FBSR verði góð, ekki síst með það í huga að í neyðartilvikum er viðbragðstími til og frá björgunarmiðstöðinni mjög mikilvægur. Þær skerðingar sem nú þegar hafa orðið á innkeyrslum inn á lóð FBSR hafa haft veruleg áhrif á stafsemi félagsins til dæmis aðkomu stærri bíla sem geta ekki lengur ekið inn um aðra innkeyrsluna og út um hina eins og þetta var.

Nánari skýringar óskast sem sýna fram á að ekki verði um að ræða neinar takmarkanir fyrir FBSR um óskert aðgengi að lóð FBSR eins og gerðist við síðustu lagfæringar á Flugvallarveginum. Best væri ef



unnt væri að koma aftur til móts við FBSR um betri innkeyrslur, sem yrðu gerðar með lagfæringum á Flugvallarveginum gengt lóð FBSR í tengslum við hið nýja skipulag.

2) Mikilvægt er að Skipulagsyfirvöld tryggji það til frambúðar að aðstaða og möguleikar til leyfisveitinga og/eða heimilda FBSR í framtíðinni vegna sölu jólatrjáa og flugelda verði ekki skert, hvorki með áhrifum vegna nálægðar byggðar sem brjóti gegn samþykktum slökkviliðsins né að þrengt verði svo mikið að aðkomu að lóð FBSR að starfssemin skaðist vegna aðkomu eða þrengsla.

Mikil umferð fylgir starfsemi FBSR um hver áramót auk þess að við útköll og björgunarstörf þarf FBSR að hafa mjög greiðan aðgang að gatnakerfinu og að öllu því svæði sem FBSR hefur til umráða. Fjáraflanir FBSR eru einnig mjög veigamikill hluti af starfi sveitarinnar á hverju ári en án fjáröflunar getur FBSR ekki starfað. Nauðsynlegt er að fá nánari skýringar hvernig borgin hefur gert ráðstafanir við lóðarhafa samkvæmt hinu nýja deiliskipulagi sem tryggir FBSR að ekkert sé í hinu nýja deiliskipulagi sem geti raskað núverandi aðstöðu FBSR eða hindrað starfssemi félagsins. Einnig óskast yfirlýsing um þau álitæfni.

3) Einnig er mikilvægt að Reykjavíkurborg kanni, gagnvart vinnureglum Slökkviliðs Höfuðborgarsvæðisins SHS um skotelda og leiti umsagnar þeirra, hvort að fyrirhuguð ný byggð á „Hlíðarendasvæðinu“ hafi núna einhver takmarkandi áhrif vegna fjarlægðarmarka eða annarra krafna á fjáraflanir FBSR og sölu flugelda.

Í framhaldi af þeirri umsögn óskar FBSR að Reykjavíkurborg semdi FBSR skriflega staðfestingu á að þetta mál hafi verið kannað og að FBSR geti verið í góðri trú um að engar takmarkanir eða aðrar hindranir verði fyrir FBSR að stunda flugeldasölu um ókomna framtíð - eins og verið hefur hingað til - þrátt fyrir hið nýja deiliskipulag.

Allar nýjar takmarkanir gagnvart FBSR vegna þessarar nýju byggðar að „Hlíðarenda“ samkvæmt hinu nýja skipulagi myndu skaða fjárhagslegan rekstrargrundvöll FBSR.

4) Ef einhver álitamál rísa vegna þessarar fyrirspurnar um hið nýja deiliskipulag þá óskar FBSR eftir því við Reykjavíkurborg að fá að senda fulltrúa til fundar við Skipulagsyfirvöld til að ræða þau mál sem hugsanlega geta þarfnast einhverra frekari útskýringa af hálfu FBSR.

5) Að lokum óskar FBSR eftir að eiga gott samstarf við Reykjavíkurborg um fyrirhugað deiliskipulag Öskjuhlíðar, en lóð FBSR mun væntanlega verða innan þess deiliskipulags. Mikilvægt er að hagsmunir FBSR sem björgunarsveitar verði þar hafðir að leiðarljósi. Ný bygging á lóð FBSR samkvæmt þeirri fyrirspurn sem liggur inni hjá Skipulagsyfirvöldum mun styrkja félagið gríðarlega. FBSR er tilbúið til viðræðna við Reykjavíkurborg um framtíðarþarfir og hagsmuni sína þegar að deiliskipulagsvinnu fyrir Öskjuhlíðarsvæðið kemur.

Með vinsemd og virðingu f.h. FBSR,


Jóhannes Ingi Kolbeinsson
Formaður

formaður@fbsr.is, s.8612400

Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík
Flugvallarvegi, 101 Reykjavík



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur

Reykjavík, 27. janúar 2017

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nauthólsvegur-Flugvallarvegur. Breytt landnotkun Fjöldun íbúða á byggingarreit nr. 15. Breytt lega stíga og niðurfelling undirganga. Umsögn um athugasemdir.

Samþykkt að vísa aðalskipulagsbreytingu og umsögn um athugasemdir til afgreiðslu í borgarráði, sbr. 1. og 2. mgr. 32. gr. skipulagslaga

Aðalskipulagstillagan:

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 29. september 2016 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010.

Breytingartillagan nær til svæðis sem er suður af gatnamótum Flugvallarvegur og Nauthólsvegur. Í tillögunni felst að landnotkun er breytt á rúmlega 1 ha svæði, þar sem opnu svæði er breytt í miðsvæði. Á svæðinu verður einkum gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, húsnæði fyrir samfélagsþjónustu og verslun og þjónustu. Svæðið verður hluti byggingarreits nr. 15 Öskuhlíð-HR og er lagt til að heimild um fjölda íbúða á reitnum hækki úr 300 í 400. Tillagan gerir einnig ráð fyrir lítillaga breyttri legu stíga á svæðinu og möguleika þess að fella út undirgöng við Flugvallarveg.

Aðalskipulagstillagan var auglýst samhliða tillögu að breyttu deiliskipulagi svæðisins, á tímabilinu frá 23. nóvember 2016 til og með 6. janúar 2017.

Tvær athugasemdir bárust við aðalskipulagstillöguna á auglýsingatímanum. Auk þess lágu fyrir umsagnir sem bárust fyrr í vinnsluferli tillögunnar.

Athugasemdir-svör:

Flugbjörgunarsveitin, Jóhannes Ingi Kolbeinsson, dagsett 5. janúar 2017:

Því er mótmælt að skipulagsbreytingar taka yfir svæði sem FBSR hefur haft til afnota undir bílastæði og hefti þannig starfsemi FBSR við Flugvallarveg til framtíðar. Óskað er eftir viðræðum við umhverfis- og skipulagsvið um skipulags- og byggingarmál FBSR til framtíðar.

Svar:Umrætt svæði, sem hefur verið nýtt sem bílastæði og skipulagsbreytingar ná til, er utan lóðar FBSR. Ekki er hægt að verða við athugasemd. Taka þarf upp viðræður milli Reykjavíkurborgar og FBSR, um skipulags- og byggingarmál FBSR við Flugvallarveg til framtíðar.

Landssamtök hjólreiðamanna, dagsett 6. janúar 2017.:

Samtökin gera ekki athugasemd við fyrirhugaðar breytingar og lokun undirganga á svæðinu, en leggja áherslu á að tryggður verði aukinn forgangur gangandi og hjólandi á yfirborði við gatnamót Flugvallarvegur og Nauthólsvegur og öryggi þeirrar umferðar verði tryggt, sbr. texti í greinargerð aðalskipulagsbreytingar. Vísað er til óformlegrar könnunar samtakanna þar sem 85% þátttakanda geta fallist á að undirgöngum verði lokað, ef fylgt er ofangreindum markmiðum. Einnig er gerð athugasemd við útfærslu stígatenginga á svæðinu.

Svar: Tekið er undir ábendingu. Athugasemd um stígakerfi er vísað til afgreiðslu deiliskipulagsbreytingar

Afgreiðsla breytingar:

Formlegar athugasemdir og umsagnir leiða ekki til efnislegra breytinga á aðalskipulagstillögunni.

Haraldur Sigurðsson